



Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Reykjavík 1. febrúar 2023

Fundarstaður: Stórhöfði 31 fundarsalur á 3ju hæð

Mætt:

Andri Reyр Haraldsson, Sigmundur Grétarsson, Guðjón Viðar Guðjónsson, Helgi Ingason, Þór Hinriksson, Eiríkur Jónsson, Jakob Leifsson, Hafsteinn Hreiðarsson, Sigurður Freyr Kristinsson Guðmundur Ævar Guðmundsson, Björn Gústaf Hilmarsson og Kristján Helgason.

Mætt í fjarfundi: Viðar Þorsteinsson, Bergþór Hjörvarsson, Adam Benedikt Burgess Finnson og Helga Sigubjörnsdóttir.

Fundur settur: kl. 18:10

Formaður setti fund og bauð stjórn og trúnaðarráð velkomið á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

Fundargerð frá fundi 24. ágúst 2022 lesin og komu athugasemdir við hana, Helgi mun koma með tillögur í fundargerð vegna kæru hans til siðanefndar RSÍ.

2. Samantekt

Formaður fór yfir það helsta sem hefur verið í ferlum í starfi FÍR, til dæmis hefur öryggisnefnd fundað um rannsóknarnefnd um rafmagnsslys og er hún hugsuð sem sambærileg og rannsóknarnefnd umferðarslysa, kæmi með ábendingar um úrbætur og orsök. Með nefndinni hafa unnið Ólafur Leifsson frá Vegagerðinni, Eggert Þorgrímsson frá Eflu og Sigmundur Jónsson frá RST net.

3. Kjarasamingar

Formaður fór yfir þá kynningarfundir sem voru haldnir vegna samninganna. Þeir voru á Egilsstöðum, Selfossi, Sauðárkróki og Reykjavík. Einnig var fjarfundur. Eins voru fjarfundir á ensku og pólsku. Þessir fundir voru haldnir í nafni fagfélaganna. Samflot Fagfélaganna og VR skilaði árangri. Ánægja var með hvað VR stóð þétt með okkur.

4. Þing RSÍ

Formaður sagði að þing RSÍ yrði haldið dagana 4 til 6. maí, verður það haldið á Hótel Nordica. Við erum með 37 fulltrúa og þurfum að hafa 10 varamenn. Alls eru fulltrúar á þinginu 110, svo verða líka erlendir gestir.

5. Gullmerkjaafhendingar

Formaður sagði frá að gullmerkja afhendingu sem var á Selfossi 28. janúar, voru gullmerkjahafar ánægðir með athöfnina. Næst gullmerkja afhending er á Akranesi. 18. febrúar, þar á eftir 4. mars eftir er að ákveða stað. Formaður mun senda áætlun um næstu dagsetningar og staði.

6. 2F og framtíðin

Formaður upplýsti að FIT hefði hætt samstarfinu í dag 1. febrúar. FIT er komið með nýtt símanúmer. Samstarf Fagfélaganna sem eftir eru gengur mjög vel og er almenn ánægja með það.

7. Heimasíða og miðlar

Formaður sagði að unnið væri í að bæta heimasíðu og heldur Haraldur Arnarsson áfram því starfi, hann sá um myndatökur á gullmerkja afhendingunni á Selfossi. Mun hann halda því áfram á næstu afhendingum.

8. Opið hús

Það var opið hús fyrir fundinn mæting var með ágætum, rætt var um að halda opið hús á fleiri stöðum, hafa morgunkaffi og opið hús í hádegi. Vonandi koma fleiri hugmyndir og útfærslur.

9. Saga FÍR

Formaður reifaði hugmyndir um hvort við ættum að gefa út bók vegna 100 ára afmælis FÍR eða hvort ætti bara að afla gagna. Það var engin niðurstaða en ákveðið að formaður myndi kanna verð á gagnaöflun eins hvað bók myndi kosta, síðan verður málið lagt fyrir aðalfund FÍR núna í vor.

10. Framboð

Formaður las upp nöfn þeirra sem munu bjóða sig fram í varaformann, gjaldkera, meðstjórnanda auk þeirra níu sem bjóða sig fram í trúnaðarráð.

Guðmundur Ævar Guðmundsson	Varaformaður
Þór Hinriksson	Gjaldkeri
Helga Sigurbjörnsdóttir	Meðstjórnandi
Adam Benedikt Burgess Finnso	Trúnaðarráð
Guðmundur Gunnarsson	Trúnaðarráð
Guðjón Viðar Guðjónsson	Trúnaðarráð
Hafsteinn Hreiðarsson	Trúnaðarráð
Jakob Þór Leifsson	Trúnaðarráð
Jökull Harðarson	Trúnaðarráð
Marianna Ragna Guðnadóttir	Trúnaðarráð
Hafliði Bjarki Magnússon	Trúnaðarráð
Atli Már Arnarsson	Trúnaðarráð

Listinn samþykktur með handauppréttingu, fimmtán með og einn á móti.

Helgi gerði athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir að hann sitji áfram í trúnaðarráði FÍR. Því hann hefði verið kosinn á aðalfundi FÍR 2022 og gengi í þeirri trú að hann ætti sæti í trúnaðarráði í tvö ár. Samþykkt að fá álit lögfræðinga ASÍ um þetta mál.

11. Aðalfundur 2023

Stefnt er að halda aðalfund FÍR í síðustu viku mars, Aðalfundur kýs fulltrúa á þing RSÍ sem verður haldið 4. til 6. maí.

12. Önnur mál

Helgi upplýsti fundinn að ekkert samband hefði verið haft við hann vegna sáttafundar. Það kom formanni á óvart því að hann gekk í þeirri trú að það mál væri í góðum ferli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:55

Fundargerð ritaði SPG